

Nanna Stefanía Hermansson

Íslandsferðir áður en ég komst í MA 1958

Erindi fyrir samstúdenta á Mannamóti í hádeginu þriðjudaginn, 15. ágúst 2023
Glefsur úr minni, en því má bara stundum treysta. Þá hef ég haft stuðning af gömlum bréfum.



Nanna á 50 ára stúdentsafmælinu 2010

Íslandsferðir áður en ég komst í MA 1958

Erindi fyrir samstúdentum á Mannamóti í hádeginu þriðjudaginn 15. ágúst 2023

Glefsur úr minni, en því má bara stundum treysta. Þá hef ég haft stuðning úr gömlum bréfum.

Bakgrunnur

Mamma mín, Margrét Þórunn, dóttir Sigurðar Sigurðssonar og Stefaníu Arnórsdóttur, fæddist 1915 á Ísafirði. Hún var elst af níu börnum. Fjölskyldan fluttist 1924 á Sauðárkrók þegar Sigurður varð sýslumaður Skagafjarðar. Mamma var ánægð með lífið og skólann á Króknum og fékk, eins og bróðir hennar Sigurður, fæddur 1917, að fara í MA og hún þá í annan bekk. Henni fannst afskaplega gaman í skólanum og þar voru bæði frændur og Króksarar. Fegin vildi hún halda áfram eins og bræðurnir áttu að gera, en varð að vera ánægð með gagnfræðapróf. Þá var hún heima, vann í búð og fór svo suður í þriggja ára nám í hjúkrunarkvennaskólanum. Eftir það þurftu nemarnir að fá hálfis árs reynslu af geðdeild til að öðlast réttindi, en ekki voru næg pláss á Kleppi.

Margrét fór út

Norræn samvinna var á ýmsum sviðum og mamma, einsog vinkonan Anna Jórunn Loftsdóttir og tvær aðrar hollsystur, fóru, þó að vitað væri að stríð væri yfirvofandi, haustið 1939 til geðspítalans St. Hans við Hróarskeldu. Um sumarið hafði norrænt hjúkrunarkvennamót verið haldið á Íslandi og Margrét hafði verið leiðsögumaður fyrir sænskar konur Þingvöllum og þær lofuðu að hjálpa henni ef hún kæmi til þeirra í Stokkhólmi. Svo 1940 fór hún til þeirra og fékk svo vinnu í Gävle. Þar hitti hún Olle Hermansson og það var ást við fyrstu sýn. Hann var í hernum og var lögfræðingur sem starfaði hjá bænum í Helsingborg. Foreldrar hans voru líka flutt þangað. Magga og Olle giftust 1942, leigðu íbúð þar og ég fæddist á Þorláksmessu. Stríðið geysaði. Svíþjóð sigldi hlutlaust milli stórveldanna. Gyðingar flúðu margir yfir Eyrarsund frá Sjálandi 1943.

Pålsjö

Foreldrar mínir keyptu stórt hús sem staðið hafði autt í beykiskógi, í Pålsjö, norðarlega í Helsingborg. Þau fluttu þangað með eigur sínum í barnavagni mínum. Þar eignaðust þau Gunnar bróður haustið 1944. Samskipti við Ísland voru engin, jú, Rauðakrossbréf, en annars lítið um póst. Eftir stríðslok vorið 1945 opnaðist nýr heimur. Amma mín, Stefanía Arnórsdóttir kom í heimsókn vorið 1946 þegar hún fór á norrænan kvenfélagsfund í Höfn. Hún gaf mér forláta dukku, Stefania Gullblomma Röd hét hún og á ég hana enn. Aftur um haustið kom amma ásamt Guðrúnu, systur mömmu, sem var að fara á Listakademíið í Höfn. Þar hafði Sigurður bróðir þeirra verið innlyksa á stríðsárunum. Amma þrjónaði á okkur Gunnar lopaföt, blá og græn með hvítum stjörnum. Lengi notaði ég peysuna og hettuna sem var breytt í húfu.



Nanna og Gunnar í Pålsjö 1946

Fyrsta ferðin til Íslands 1947

Loks 15. maí 1947 fór mamma, Margrét, með okkur Gunnari um borð í D/S *Dronning Alexandrine* og við fengum góða fimm daga veltu með viðkomu í Færeyjum. Á Hafnarbakkanum í Reykjavík bíðu þau, amma, afi, móðursystkini og fleiri. Eggrún ömmusystir og maður hennar, Steingrímur Guðmundson prentsmiðjustjóri, tóku okkur til sín og hjá þeim áttum við altaf gott athvarf. Hann sinnti okkur Gunnari æfinlega, hafði varla tíma til að fara í vinnu, skrifaði mamma.

Við fengum far norður í bíl og vorum svo í Sýslumannshúsinu á Króknum. Erfitt er að segja hvað ég, á fimmta ári, í raun man. Eitt kvöldið hafði ég sagt mömmu hvað það væri nú gott á Íslandi, hér væru engin villt dýr. En daginn eftir sat ég úti í garði að teikna. Þá urðu læti í hænsunum og hundinum Bob og ég fór að gá að því. Þá beit mig rotta í puttann og hékk föst. Læknirinn setti pencillinduft á sárið. Ég montaði mig af þessu, sem enginn vildi trúa.

Við garðinn rann Sauðáin og þar var spöng yfir. Mig minnir að vatnið hafi verið tært þegar ég datt ofan í, en ég var með Fjólu, stelpu sem þá var að fylgjast með mér. Annars var ég bara ein að leika mér með þrem vinkonum. Ég lærði málið svo að þegar Olle, pabbi, sem átti stutt sumarfrí, kom 20. júlí, sagði ég honum frá öllu og hann skildi ekki orð. Sænskunni hafði ég gleymt. Þá var haldið brúðkaup Gunnu móðursystur og Jens Urup, listamanns. Frændinn sr Gunnar í Glaumbæ skírði okkur Gunnar og ég fékk nöfnin Nanna og Stefanía í höfuðið á frænku og ömmu. Svo eftir þrjá mánuði fórum við fjögur út með tunnuskipi frá Siglufirði, en það er önnur saga. Hana hef ég sagt í Skagfirðingabók 36, 2015.

Íslenska

Í stóra húsið í Helsingborg komu margir gestir að heiman og ævilöng tengsl mynduðust. Oft voru það stúlkur á leið út í vinnu, lengri eða skemmri tíma. Það voru nöfn einsog Birna, Agnes, Gréta, Hjördís Jónsdóttir, Steinunn Guðmundsdóttir, Ljós móðir, Ása Marínósdóttir, Ljós móðir, og Antonía Antonsdóttir, Tony. Þá komu ungir menn einsog Sigurður Auðunsson og Andrés Gunnarsson sem

voru við nám. Það var oft gestkvæmt, frændfólk og gamlir vinir mömmu komu í heimókn. Þannig heyrðum við börnin oft íslenskuna, en þegar mamma reyndi að tala hana við okkur önsuðum við bara á sænsku og hún gafst upp.



Systurnar Margrét og Kristjana, Nanna, dætur Egg-rúnar ömmusystur og Steingríms Guðmundssonar með okkur Gunnari við Gullfossi á bryggjubakka. Nanna keyrði bíl og sýndi okkur margt. Anders var með hjólið sitt. Ljósmynd 1952.

Önnur ferðin 1952

Farþegaskipið *Gullfoss* hóf 1950 ferðir úr Höfn til Reykjavíkur aðra hvora viku um sumarið. Þá var siglt laugardag, komið við í Leith á fimmtudegi og til Reykjavíkur á laugardegi. Margt var alltaf um manninn á bryggju bæði þegar skipið fór og kom. Lengi var okkur sagt að verið væri að safna aurum í fargjald því við skyldum fara til Íslands. Í skólanum okkar var sumarfrí frá miðjum júní til seinni part ágústs.

Í júní 1952 fór mamma úr Höfn með okkur Gunnar, hann á áttunda ári, ég tíunda og litla bróður, Anders Snorre, fjögurra ára. Við vorum á þriðja farrými á *Gullfossi* og okkur fannst afskaplega gaman. Margt var hægt að gera skemmtilegt, einsog að liggja í efri koju og veiða öryggisbelti með



Móðurbróðir minn Sigurður Sigurðsson, listmálari bjó með konu sinni Önnu Jónsdóttur í Múlakamp nr. 48a og það var svo fallegt hjá þeim. Mamma er með okkur Gunnari, og Anders Snorra. Ljósmynd 1952.

regnhlífum. Maturinn var alveg ótrúlega góður, enda mitt stærsta áhugamál.

Mamma fór að vinna í Reykjavík. Við Gunnar fórum með móðurbróður í rútu til afa á Sauðarkróki, en amma hafði látist 1948. Hjá honum bjó Arnór móðurbróðir, kona hans Guðrún Sveinsdóttir og dóttir þeirra Stefanía, vinkona okkar, fædd 1945. Þá var verið að mála og skreyta bæinn fyrir komu forseta, Ásgeirs Ásgeirssonar. Daginn eftir átti að setja minningartöflu í Drangey og við börnin fengum að fara með í báti af Króknum og það var æfintýraferð.

Hvanneyri

Gunnar fékk að fara í sveit að Hofi í Hörgárdal, Anders Snorre til Mosa á Síðu og ég til

Hvanneyrar. Þar bjó Ástríður Sigurmundardóttir, hollsysstir mömmu úr hjúkrunarkvennaskólanum. Hún var gift Hauki Jörundarsyni, kennara á bændaskólanum. Ekki skil ég hvernig Ástríður gat tekið mig, en þau áttu fimm stelpur, tvær eldri en ég, og heimilið var mannmargt. Tvíburar voru næst mér í aldri og okkar starf var að sækja kýrnar sem voru fimm. Það var gaman, en stundum fannst okkur langt að leita þeirra í þoku. Svo áttum við að vitja um netin í ána og stundum var fiskur. Bannað var að tína ber uppi sig í ferðinni, en upp komst oft um mig því ég varð straks berjablá. Annað var þegar farið var í berjamó fyrir Ástríði þá var tínt af alvöru.

Mér fannst erfitt að leggja á borð um hádegisþví hver átti sína silfurskeið og þær áttu að vera á réttum stað. Litla flugan var í útvarpinu. Svo átti að vera þögn og það var erfitt, en veðurfréttirnar að koma. Oft vorum við að raka saman, líka niðri á engjum við Hvítá. Í stelpuherberginu voru finar kojur og úr glugga sást til Skessuhorns og annarra fjalla. Ástríður ræktaði grænmeti og eldaði svo góðan mat, fiskur alla daga, en hvalkjöt á sunnudögum.

Mál mitt var ekki eins gott og það hafði verið fimm árum áður, sagði mamma. Mér var strítt á því að ég átti erfitt með að skilja milli nafnanna, Sturlu og Surtlu, en hún var kýr. Í ágúst fórum við út með Gullfossi. Man ég hvað það var asnalegt að vera búin að gleyma sænskunni þegar við komum heim í litla hverfið okkar í Pálsjö.

Þriðja ferðin 1954

Sumarið 1954 átti mamma von á fjórða barninu. Þá var ég búin með einn vetur í gagnfræðaskóla. Gunnar bróðir, á tíunda ári, og ég fengum að ferðast saman með *Gullfossi*, sem við þekktum vel og vorum mjög hrifnir af, en nú á öðru farrými og þar hrístist allt. Man ég vel hve gaman var að labba gegnum allt skipið framhjá vélarrúmi. Enda ekki leyft. Þernurnar Hulda og Lílja, hjúkrunarkonur, voru okkur afar góðar og gáfu okkur epli og perur. Maturinn var stórkostlegur fannst okkur og þegar við fengum melónu, sem við höfðum aldrei bragðað, færði þjónn okkur annan skammt. Slíkt man ég vel. Í Leith fórum við í land til Edinborgar í fylgd með dönskum farþegum, en þar var mikið rigning.

Einsog áður var það fjölskylda Eggrúnar ömmusystur sem tók á móti okkur. Dóttir hennar Kristjana, Nanna, keyrði bíl og við fengum margt að sjá. Svo heimsóttum við frændfólk einsog mamma hafði beðið okkur um og allir vildu allt fyrir okkur gera.

Hofi í Hörgárdal

Gunnar og ég fórum norður að bænum Hofi í Hörgárdal til Önnu Árnadóttur og Gunnlaugs



Á Hofi í Hörgárdal. Ljósmynd 1954.

Pálmasonar, en systir Önnu var mágkona mömmu. Þau áttu krakkana Ellu og Árna Jón, aðeins yngri en við og það voru góðir leikfélagar.

Gunnlaugur fór með okkur upp á Hofsfjall og mundi þá ferð þegar ég löngu síðar heimsótti hann á elliheimilinu. Ég átti bara að vera nokkra daga og einn morguninn fórum við á gamla bláa vörubílnum út að vegamótum, því ég átti að fara suður. Það sauð uppúr bílnum og Gunnlaugur fór út í á að sækja vatn í gamalt dekk. Enginn rúta kom, en eftir klukkutíma bið kom bíll sem stansaði og sagði skriða hafði fallið í Öxnadalnum. Ég fékk að vera aukadaga, ef ekki viku, á Hofi. Það var bara gaman, en einn daginn fórum við Gunnar að rífast og ég sé enn eftir því.

Aftur Hvanneyri

Svo komst ég suður til fjölskyldu Ástríðar á Hvanneyri og þar var allt kunnuglegt, eins og tveimur árum áður. Þá frétti ég að við hefðum eignast bróður og mér fannst eðlilegt að hann fengi nafnið Sigurd, skrifaði ég. Við vorum í heyskap, alltaf þurfti að raka saman, en ég lá oft í kvefi uppi í stelpuherberginu og skammaðist mín fyrir vasaklútana sem eldri stelpurnar áttu að þvo. Seinna kom fram að ég var með grasofnæmi.

Fjórða ferðin 1956

Eftir skólaslit í júní vorum við mörg kvöld í Pálsjö, að þússa skóna því á hverjum degi áttum við von á ms *Dísarfelli* úr Eystrasaltinu, úr Ventspils, held ég. Arnór Gíslason, systkinabarn mömmu, var skipstjóri og loks lét hann vita að skipið væri væntanlegt til Hafnar. Best man ég þegar við vorum komin niður á bryggju í Helsingborg en þar lá dallurinn sem sigldi til Hafnar. Mamma, þrír bræður og Tony, vorum með þrettán pinkla. Þá hélt mamma að hún hafði læst töskunum og gleymt lyklunum. Ég fékk lánað reiðhjól Tonyar og hjólaði eins og ég gat þrjá km heim í hús. Engir lyklar. Aftur eins og brjáluð niður í bæ. Dallurinn var farinn frá bryggju, en mömmu tókst að fá hann inn aftur svo að ég og hjólið komumst um borð. Þá fann hún lyklana.

MS Dísarfell til Austurlands

Hjá skipsmægler Bruun á St Annae Plads, biðum við þar til *Dísarfellið* kom, en þá bara úti á "reddanum", í bátalægi. Við fórum út í smábáti, en ég man ekki hvernig við komumst upp í skipið. Arnór tók okkur opnum örmum, en sagði líka mömmu að við værum á leið til austurhafna, ekki til Reykjavíkur. Þá féll henni allur ketill í eld. Tony og ég sváfum í sjúkraklefa á dekkinu. Auðvitað hreptum við storm í nánd við Færeyjar. Ég, sem alltaf var sjóveik, varð að halda mér í brúni kojunnar meðan æludallur okkar ferðaðist fram og aftur um gólfið. En svo snemma morguns í byrjun júlí sáu við húsin á Hornafirði. Þau stóðu alveg eins og upp við jökulinn og það var svo kyrrt og fagurt.

Við fórum í land og í Kaupfélagið, en þar hlýtur Gísli, faðir Stínu, herbergisfélaga míns í MA, að hafa verið, að spyrja eftir Óskari Valdimarsyni. Hann hafði sótt bát til Råå syðst í Helsingborg, sem fékk heitið *Gissur hvíti II*. Hann var einn af 50 vélbátum, (35-45 tonn) úr tré sem Íslendingar höfðu pantað á fundi í Bóhúsléni 1944. Ríkisstudd kaup.

Gunnar hafði rekist á nokkra Íslendinga niðri í bæ og boðið þeim heim. Gott ef þeir voru ekki hjá okkur á jólum. Oft hjóluðum við Gunnar svo suður til Råå þar sem þeir biðu í skipasmiðju Holms eftir að báturinn kláraðist, hituðu kakó og töluðu við okkur. Mamma hjálpaði þeim að kaupa Electrolux hrærivélar og þesskonar. Óskar var ekki heima á Höfn þegar við komum, en Maja, kona hans bauð okkur inn. Það var svo fínt heimilið. Man ég sérlega eftir hekluðum dúllum ofan á hellunum á eldavélinni. Svo náði hún í bílstjóra sem keyrði okkur upp í Almannskarð til að sjá útsýnið. Á niðurleið kom fram að bremsurnar voru ekki í lagi.

Eftir affermingu á Höfn fórum við til Djúpavogs, Breiðdalsvíkur og svo til Eskifjarðar og ég held að við höfum tekið rútuna þaðan til Akureyrar. Best man ég eftir reyktum lax á brauðinu á Möðrudal og altaristöflunni þar sem Jesús rennir sér niður brekku. Gunnar bróðir minnti mig nú á að bóndinn vildi fá Tony að verða eftir sem kaupakonu. Á Akureyri gistum við Tony niðri við Höffnersbryggju, en mamma og strákarnir hjá Lovísu Jónsdóttur frænku og Jóni Jónssyni, foreldrum Jóns Árna latínukennara okkar. Lovísa átti stóran, rúnnaðan ísskáp frá Ameríku og úr honum kom bleikur ís. Aldrei hafði ég séð annað eins.

Gunnar og Anders Snorre fóru báðir í Engihlíð á Ársskógsströnd, til foreldra Ásu sem hafði verið í Pálsjö, Ingibjargar Einarsdóttur og Marínós Þorsteinssonar. Mamma, Siggí bróðir og ég heimsóttum afa á Sauðárkróki og fórum svo suður.

Vestmannaeyjar

Úr Reykjavík fékk ég að fljúga til Vestmannaeyja. Mér fannst skrítið að menn settust í flugvélinni og fóru straks að lesa dagblað. Í flugvél!

Þannig var að annar bátur var smíðaður í Holms varv í Råå og eigandi var Helgi Benediktsson. Stefán, kallaður Denni, sonur hans var þarna að sækja bátinn, sem fékk nafnið *Fjalar*. Í reynsluferð hans var tekin mynd þar sem Gunnar og ég stöndum í framstafni, lengi var hún í auglýsingu fyrir Junex mótor. Stefán hafði boðið mömmu að taka mig yfir sumarið og ég bjó hjá honum og Sirrý, Sigríði Bjarnadóttur, í nýju húsi á Boðaslóð. Þar voru tvær litlar dætur, Guðrún og Sigurbjörg, Systa, sem ég enn hef samband við. Þá fékk ég vinnu í Vinnslustöðinni, sem kölluð var Skít og svað. Þarna var ég innan um konur á ýmsum aldri að skera bein og orma úr þorskflökum og leggja í fimm punda kassa. Ég hafði haldið að hægt væri að hugsa svo margt við slíka vinnu, en fann að hugsanir köstuðust bara fram og aftur inni í skel hauskúpunnar. Ekki reykti ég frammi á klósetti eins og hinar og komst ekki í félagskapinn. En mér fannst ég græða pening á tá og fingri og bauð mömmu í flugferð til Eyja. Hún kom í góðu veðri og við löbбуðum upp í skálina á Helgafelli og það var undursamlegt. Mamma var svo glöð, hafði ung unnið á spítalanum og henni var svo hlýtt til Eyja.

Út með Gullfossi

Svo seinni hluta ágústs fórum við með mömmu og Kristínu Loftsdóttur, Stínu, úr Vík í Mýrdal og út með Gullfossi. Stína var systir Önnu, nánastu vinkonu mömmu sem hafði einsog hún verið úti á stríðsárunum og varð einsog fóstur mín. Við vorum á þriðja farrými sem á sumri var í fremri lest skipsins en þar var engin hrístingur. Þar var tjaldað kringum lestarlúgu og á henni voru bekkir. Þar

var stundum fjörugt samkvæmislíf. Báðum megin lúgunnar voru neðri og efri kojur úr málmi settar upp, sumar einsog tvíbreið rúm. Konur og börn voru öðrum megin og hinum megin karlmenn.

Mænuveiki

Ég varð lasin og komst ekki með hinum í land í Leith. Læti voru við uppskipunina og ég með svo mikinn hausverk að ég hélt að ég væri að springa, lá og hélt um höfuðið. Þegar við svo komum í land var allt í lagi með mig, ég hjólaði að kaupa í matinn. Daginn eftir var ég aftur veik og var send í farsóttarhúsið. Var ég með mænuveiki og sett í einangrun, mátti ekki fara upp úr rúminu. Veikin var þá ekki í Helsingborg og þetta var því tekið alvarlega. Tveir bræður mínir og Stína veiktust líka og þau fengu að vera saman á sal á spítalanum. Eftir nokkra daga kom svo fram að það var ekkert alvarlegt að þeim. En ég lá, fékk heimsóknir fyrir utan gluggann. Svo fékk ég útvarp og spegil mér til afþreyingar. Starfsfólk flytti sér inn og út úr herberginu. Það var helst konan sem strauk yfir gólfíð sem nennti að rabba við mig. Læknir vitjaði daglega til að gá hvort ég gæti hreyft alla limi og sagði mér að lömun gæti komið mjög seint. Ég hugsaði að þó að ég mundi lenda í hjólastól þá væri ég búin að eiga svo æfintýrlegt líf.

Þegar ég átti at standa upp eftir fimm vikna legu, gat ég það ekki. En fyrsta daginn sem ég mátti lesa bækur las ég sjö, ekki man ég hvað. Svo var ég heima í húsi hálfan mánuð til að ná mér áður en ég var talin fær um að fara í skólann. Þá hafði ég misst af fyrstu tímunum í efna- og eðlisfræði, og skildi aldrei neitt í neinu. Ekki var hugsað um neina aukakennslu þó að ég væri í tilraunabekk sem átti á tveimur árum að komast yfir það efni sem annars var kennt á þremur.

Menntaskólinn í Helsingborg

Vinkona mín, Britta Eriksson, sem ég hafði eignast í gagnfræðideild í Högre Almenna Läroverket för Flickor i Helsingborg, fór einsog ég upp í fyrsta bekk af fjórum í latínudeild skólans. Í skólanum voru 1100 stelpur og í latínubekkin komum við úr fleiri áttum, sumar aðeins eldri úr kvennaskóla. Skólabyggingin var stór með funkisgluggum. Þó að mér fyndust sum efni skemmtileg, hef ég oft hugsað til þess að ég stóð úti á gangi, einsog innan rimla, horfði á fólki sem gekk í trjágöngum meðfram götunni og hugsaði: "Þarna gengur frjáls manneskja."

Britta sótti um AFS-styrk til að fara eitt ár til Ameríku. Ég gat ekki hugsað mér að vera þarna án hennar og sagði við mömmu og pabba að ég vildi fara til Íslands. "Já, en það kostar." "Allt í lagi" sagði ég montin, "ég get unnið fyrir mér." Mamma skrifaði meistara, Þórarni Björnssyni, og hann svaraði að ég væri velkomin. Það væri búið að senda svo marga Íslendinga til Svíþjóðar að það mætti taka einn þaðan heim.

Fimmta ferðin, á leið í skóla 1958

Sumarið áður hafði ég verið á fimm vikna námskeið í landbúnaðarskóla, lært að reikna út dren og bakka traktor með vagni. Svo ég vildi fara í sveitavinnu um sumarið. Stína í Vík útvegaði mér pláss hjá Siggeiri Lárussyni á Kirkjubæjarklaustri. Bræðurnir Gunnar og Anders Snorre voru þegar farnir til Stínu í Vík og Gunnar kominn í símafinnu.

Ásamt Jöran, sænsku systkinabarni, sem var að fara í byggingarvinnu fór ég með *Gullfossi* úr Höfn í lok júní. Í Reykjavík gisti ég hjá Önnu Loftsdóttur í nýju hjúkrunarkvennablokkinni við Eskihlíð. Í rútuferðinni austur til Klausturs var stoppað í Vík og ég hitti bróður minn Anders hjá Stínu.

Merkilegt var að fara yfir ógnandi sandana og svo einsog í rennibraut í Tívoli gegnum Eldhraunið. Stundum sló afturendinn á rútunni í veginn. Þegar ég kom til Kirkjubæjarklausturs var mér sagt að ég ætti að vinna í salnum á hótelinu, þar sem ég kom svo seint. Ég sem var mætt með gúmmistigvél

og fatnað fyrir útivinnu. Fimm stelpur gistu á sláturhúsloftinu, en þar voru fjögur rúm og einn divan. Hann fékk ég og gat lengt hann með dóti mínu. Sæng átti ég, en ekki rúmfatnað og þau voru sótt köld beinnt af snúru. Það kvöld grét ég.

Hótelið

Hótelstýran hét Ólína Bergsveinsdóttir og var frá Siglufirði. Henni til aðstoðar voru þær Kolbrún, Kollý, úr Vestmannaeyjum, Gyða dóttir Siggeirs, og Stína frá Kálfafelli. Bobba, en hennar nafn man ég ekki, vann í SÍS-búðina á staðnum held ég og ein stúlka var á símanum. Gyða lánaði mér pils og svuntu. Hótelið var með 10-12 herbergi á efri hæð og borðsalurinn niðri tók 40, jafnvel upp í 70 þegar komu hópar. Vinnutími var frá 8 að morgni til 10-11, frá morgunmat til kvöldkaffis, alla daga. Bæði borðsalur og eldhús voru niðri og ég gekk í salinn, þreif hann og þvoði upp þar á milli. Eldhúsið var ekki stórt, vinnuborðin lág, vaskur lítill, aldrei nóg af heitu vatni, viskastykkinn alltaf blaut, soðin á hverjum degi. Stálkönnur með brúnni sósu voru svo margar að ég ákvað að kvarta aldrei meira undan upphvotti. Í byrjun fór allt í rugling í salnum hjá mér og ég var oft dauðþreytt, mér varð illt í baki og í fótum.

Sumarið var afskaplega fallett og gestir þyrptust að. Maturinn var mjög góður og ríkulegur. Til að geta sest niður fór ég að drekka kaffi, með extrakt. Hægt var að hvíla sig á mjölpoka og horfa út um eldhúsdynnar á Systrafossinn. Stundum gátum við lagst í brekkunni smástund eftir hádegissuppvask og fyrir þrjúkaffi. Það var unaðslegt með fossaniðinn, blóm og fuglasöng.

Nú tel ég að vinnuaðstæður hafi verið hörmulegar og vinnutíminn afleitur. Ólína var dugleg húsmóðir og mér mjög góð. En þegar ég hafði hringt í Stínu í Vík og sagt henni frá starfinu fékk ég samt skammir frá Ólínu. Lýsing mín var of bein og ekki vissi ég að öll sveitin hafði hlerað símtalið.

Verst var að kaupið var lágt, 2.500 kr á mánuði, lægra en Gunnar bróðir hafði í símavinnu. Meðal gesta kom fólk sem ég þekkti, einsog Sirrý og Denni úr Vestmannaeyjum. Þau voru á ferðalagi og höfðu frétt á Siglufirði að ég væri á Klaustri og buðu mér til sín þegar ég væri búin í vinnu.

Það var bara ég á staðnum sem talaði ensku og þegar ungverskur sendiherra kom í glæsivagni með einkabílstjóra fékk ég frí til að fara með til Núpsstaðar sem leiðsögumaður. Ég, sem ekkert vissi, kjaftaði eitthvað almennt.

Eftir þetta frábæra gestasumar kom jökulhlaup á Mýrdalssandi og þá varð rólegt. Ég var orðin lasin, kannski af því að ég hafði sofið of lítið og komist sjaldan út. Læknirinn spurði hvort ég hafði misst föstur. Við stelpur áttum að fara í heyskap, en þá tók að rigna.

Stelpurnar höfðu reynt að kenna mér að tjútta svo að ég gæti farið með þeim á ball því á loftinu var líka herbergi handa bílstjórum og öðrum karlmönnum. Þar þorði ég ekki að vera ein. En það var langt að fara til að komast á ball.

Í lok ágúst fórum við á hræðilegt ball í Meðallandi og eg hef haldið að það væri þaðan, yfir sand og vötn, sem við Indriði Þorláksson sátum sofandi saman, aftast í stórum bíl. En nú tel ég að það hafi verið úr Hrífunesi, enn lengri ferð.

Vestmannaeyjar

Eftir tvo mánuði á Klaustri fór ég í jeppa yfir vötnin til Stínu í Vík og fékk þaðan far með olíubíl til Reykjavíkur og Önnu. Með *Esjunni* fór ég svo til Sirrýjar og Denna í Vestmannaeyjum, svaf tólf tíma, vaknaði þegar hún hafði hádegismatinn tilbúinn og hann kom heim úr vinnu. Eftir viku í eftirlæti hjá þeim var ég búin að ná mér eftir sumarið.

Menntaskólinn á Akureyri 1. október 1958

Í Reykjavík heimsótti ég frændfólk og fór í bíó áður ég fór norður. Ekki var hægt að panta sæti í rútunni og hún var troðfull, en einn maður varð að bíða eftir farangri sínum svo ég komst með. Eitt freknótt andlit kannaðist ég við, en það var Indriði. Ekki held ég að við höfum talað neitt saman. Áð var í Fornahvammi og á Blönduósi og eftir 12 tíma ferð vorum við komin til Akureyrar. Þar tók Jón, faðir Jóns Árna kennara, á móti mér.

Stelpurnar í heimavistinni tóku mér svo vel og ég fékk að vera á herbergi með Stínu Gísladóttur. Þá var ég sett í fimmta bekk, í latínudeild, en hafði haft þýsku, frönsku og latínu í nokkra vetur. Framhaldið þekkið þið. Ég var illa undirbúin, hafði ekki lesið bók á íslensku, en ég fékk góða hjálp, ekki síst af Árna Kristjánsson, sem kenndi okkur íslensku. Ekki hafði ég ætlast til að vera nema einn vetur í MA og halda svo áfram í Helsingborg. Vorið 1959 buðu kennararnir mér samt að koma aftur og sögðu: "Við skulum gera þig að stúdent með hinum". Þvílíkt kostaboð!



Nanna í hópi samstúdenta o.fl. og brjóstmyndar af skólameistara á "suðurvist" í gamla skólahúsinu 2010

Mjöll Snæsdóttir las yfir og fjarlægði verstu villurnar og er ég henni þakklát.

Nanna Stefania Hermansson

nanna.hermansson@gmail.com

Vrækstigen 11

SE 125 56 Älvsjö

0046 707 63 42 12